

Fréttabréf Grunnskólans Hofsósi

16. október 2017

Ágætu foreldrar/forráðamenn.

Síðasta vika í skólanum var ansi fjörug, en þá voru allar starfsstöðvarnar þrjár saman komnar á Hofsósi í vina- og dansviku. Þeirri viku lauk síðan á skemmtilegu vinaballi þar sem einnig var boðið upp á vöfflur og kaffi.

Hautsamvera

Hautsamveran á Hofsósi verður í dag kl. 18 – 20. Hún er fyrir foreldra og nemendur á Hofsósi og Sólgorðum. Við byrjum á sameiginlegum leik en síðan fá foreldrar tvo stutta fyrirlestra og þar á eftir tækifæri til að ræða saman í tveimur hópum, foreldrar 1. – 7. bekkinga annars vegar og foreldrar unglíngadeildar hins vegar. Á meðan hafa krakkarnir frjálstan tíma, eins konar opið hús ásamt starfsfólki. Við reiknum með að elstu nemendurnir taki þátt í því að stjórna tónlist og leikjum.

Vinadagur

Miðvikudaginn 18. október er vinadagur hjá öllum skólum í Skagafirði. Grunnskólinn austan Vatna fer þá á Sauðárkrók og tekur þátt í dagskrá sem er skipulögð af kennurum í öllum Skagafirði. Nemendur eiga að mæta í skólann kl. 9:00 og verður lagt af stað frá Hofsósi fljótlega eftir mætingu. Fyrir þá sem þurfa á því að halda þá verður skólinn opinn frá kl. 8:00 eins og vanalega. Nemendur verða í vinnu með öllum jafnöldrum sínum í firðinum. Dagskránni lýkur klukkan eitt og er áætluð heimkoma um kl. 14:00 og er gæsla í boði fyrir yngstu nemendur okkar sem venjulega eru í gæslu til kl. 15:20. Einnig ber að geta að það verður engin félagsmiðstöð þennan dag. Nemendur þurfa ekki hafa með sér nesti heldur koma þeir til með að fá mat í Árskóla.

Vetrarfrí

Vetrarfrí verður í skólanum fimmtudag 19. og föstudag 20. október. Vetrarfrí er á sama tíma í öllum grunnskólum í Skagafirði og einnig í tónlistarskólanum. Nemendur og allir starfsmenn skólanna verða þá í frí.

Bestu kveðjur,

Starfsfólk Grunnskólans austan Vatna, Hofsósi